

AUGLÝSING

um breytingar á gjaldskráám Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða.

Samkvæmt 62. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1981 og 10. gr. laga nr. 66 31. maí 1976 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskráám Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarðar frá og með 5. nóvember 1981:

- A. Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins nr. 549, 21. ágúst 1981.
- | | |
|---|----|
| I) Smásala. Öll gjöld samkvæmt gjaldskránni hækki um | 9% |
| II) Heildsala. Öll gjöld samkvæmt gjaldskránni hækki um | 8% |
| III) Heimtaugagjöld í þéttbýli. Öll gjöld hækki um | 9% |
- B. Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur, nr. 517, 21. ágúst 1981
- | | |
|----------------|----|
| hækki um | 9% |
|----------------|----|
- Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku, nr. 551, 21. ágúst 1981
- | | |
|----------------|----|
| hækki um | 9% |
|----------------|----|

Iðnaðarráðuneytið, 4. nóvember 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Akureyrar nr. 535, 21. ágúst 1981.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Rafveitu Akureyrar, er gildi frá og með 5. nóvember 1981:

- A. Liður c-1 í I. kafla orðist svo:

Um mestastraumsmæli ef um meira en 50 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1 000 klst. á ári kr. 1 072/kW/ár og kr. 0,24 kWh. Ljósanotkun hjá notendum sem kaupa samkvæmt þessum gjaldskrárlíð verði mæld um sama mæli og vélanotkunin.

- B. Kafli II. Mælaleigur, orðist svo:

Rafveita ákveður stærð og gerð mæli- og stjórnækja, sem notuð eru við sölu rafmagns, og skal ársleiga fyrir hvert tæki vera sem hér segir:

Orkumælir, einfasa	kr. 54,00
Orkumælir, þrífasa	— 215,00
Orkumælir, þrífasa með straumspennum	— 363,00
Aflmælir	— 350,00
Aflmælir með straumspennum	— 552,00
Tvígjaldsorkumælir	— 350,00
Tvígjaldsorkumælir með straumspennum	— 552,00
Móttökuliði, einpóla	— 242,00
Móttökuliði, þripóla	— 350,00

Ársleiga fyrir önnur tæki, en að framan greinir, skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækisins, eftir nánari ákvörðun rafveitunnar.

Leiga skal greidd samtímis rafmagnsgjaldi.

C. Kafli III. Heimtaugagjöld, orðist svo:

1. Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við kerfi Rafveitu Akureyrar. Heimtaugargjald skal greitt áður en tenging fer fram.
2. Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.
3. Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur	Heimtaugargjald
63 A 1-fasa	kr. 4 550,00
63 A 3-fasa	— 4 930,00
100 A —	— 7 800,00
160 A —	— 12 480,00
200 A —	— 15 610,00
315 A —	— 24 590,00
400 A —	— 31 210,00
715 A —	— 55 400,00
1200 A —	— 93 620,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

4. Bráðabirgðaheimtaugar.

Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur	Lengdargjald		
	Stofngjald kr.	Jarðstrengur kr/m	Loflína kr/stólpi
63 A 1-fasa	880,00	131,00	1 659,00
63 A 3-fasa	1 238,00	131,00	1 926,00
100 A 3-fasa	1 311,00	171,00	2 211,00

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Lengd jarðstrengshaumtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta úti-tengiskáp, eða rofa í spennistöð, að stofnkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarkna í jarðstrengsheimtaug, og fyrir hvern stólpa innan lóðamarkna í loftlínuheimtaug.

5. Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi, eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar skal heimtaugargjald ákveðið samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.
 6. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.
 7. Þegar heimtaug er stækkuð eða henni breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, samkvæmt beiðni notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, samkvæmt gildandi gjaldskrá þegar breyting fer fram.
 8. Óski eigandi húsveitu eftir að heimtaug sé lögð þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.
- D. Öll önnur gjöld samkvæmt gjaldskránni hækki um 13%.

Iðnaðarráðuneytið, 4. nóvember 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.